

REYKJAVÍKURBORG
NÓVEMBER 2022

Bílastæðasjóður

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags-
og starfsáætlunar



Umhverfis- og skipulagssvið

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Nafn ábyrgðaraðila: Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri

Greiningaraðilar/teymi: Anna Guðmunda Andrásdóttir, Steinunn Rögnvaldsdóttir, Hreinn Ólafsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Rákel Elíasdóttir og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir.

Áætlaður kostnaður og tekjur v. þjónustubáttar skv. fjárhagsáætlun 2022:

Áætlun 2022			
Kostn.st	Heiti	Gjöld	Tekjur
U3700	Skrifstofa Bílastæðasjóðs	120.459	
U3710	Útídeild Bílastæðasjóðs	419.259	988.519
U372x	Bílastæðahús	342.278	231.108
		881.996	1.219.627

Skipulag og verkefni innan þjónustubáttarins:

Bílastæðasjóður tilheyrir skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með og stýrir nýtingu gjaldskyldra bílastæða í borginni og hefur jafnframt eftirlit með stöðvun eða lagningu bifreiða sem er í bága við umferðarlög.

Bílastæðasjóður fer með stjórnun bílastæðamála, hefur umsjón með eftirliti á ríflega 3000 bílastæðum, rekstri sjö bílahúsa, endurupptöku mála sem snúa að stöðvunarbrotagjöldum, sem og innheimtu gjalda vegna bílastæða, einnig afgreiðsla og umsjón með íbúakortum. Þar fer einnig fram þróun í upplýsingatækni fyrir sjóðinn í samstarfi við upplýsinga- og tæknideild Reykjavíkurborgar, sem og stefnumótun.

Bílastæðasjóður er samsettur úr fjórum einingum: *Stjórnsýsla og þjónusta, Tækni og þróun, Eftirlit og þjónusta, Umsjón og viðhald.*

Stjórnsýsla og þjónusta

Meginhlutverk starfseiningarinnar er stjórnsýsluleg meðferð og afgreiðsla erinda ásamt upplýsingagjöf og þjónustu til almennings. Helstu verkefni eru umsjón og úrvinnsla endurupptökubeiðna, afgreiðsla íbúakortaumsókna, miðlun upplýsinga til almennings og samskipti við viðskiptavini og tengda aðila.

Tækni og þróun

Meginhlutverk starfseiningarinnar er umsjón með tæknimálum og þróun þeirra. Helstu verkefni eru utanumhald og gæðaeftirlit upplýsingatæknimála og greiðslumöguleika, framendaþróun, umsjón með innkaupum vél- og hugbúnaðar, verkefnastjórnun sérverkefna og eftirlit með aðgangsheimildum.

Eftirlit og þjónusta

Meginhlutverk starfseiningarinnar er eftirlit með bifreiðastöðum, þjónusta við borgarbúa og eftirlit með borgarlandi. Helstu verkefni eru álagning gjalda, upplýsingamiðlun og aðstoð við viðskiptavini og tilkynningar um ástand borgarlands.

Umsjón og viðhald

Meginhlutverk starfseiningarinnar er að sinna daglegum rekstri bílahúsa og stöðumæla ásamt eftirliti með ástandi bílastæða við götukant. Helstu verkefni eru viðhald vélbúnaðar, s.s. stöðumæla og hliða til aðgangsstýringar bílahúsa, eftirlit með ásýnd bílahúsa og vélbúnaðar, umsjón með öryggismálum bílahúsa, greina þörf á búnaði og uppfærslum og símat á þörf fyrir merkingar.

Megintilgangur með rekstri Bílastæðasjóðs er að stýra nýtingu bílastæða með því að útvega vel staðsett, gjaldskyld skammtíma- og langtímastæði þar sem þörf er talin á og gegnir sjóðurinn þannig mikilvægu hlutverki í uppbyggingu og þróun borgarinnar. Bílastæðasjóður fer jafnframt með eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi og hjólandi jafnt sem akandi vegfarenda. Í samvinnu og samstarfi við önnur fagsvið vinnur deildin þannig að bættum samgöngum í borginni. Rekstur bílahúsa til almenningsnota er mikilvægur hluti starfseminnar auk þess að annast

þróun og uppbyggingu nýrra tækifæra í rekstri bílahúsa í samræmi við stefnu borgarinnar í þróun og uppbyggingu í miðborginni og í öðrum hverfum þar sem við á.

Bílastæðasjóður annast, ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, eftirlit með lagningum ökutækja, sem nær yfir öll póstnúmer í Reykjavík, og gefur út álagningaseðla með stöðvunarbrotagjaldi skv. heimild í umferðarlögum á brotleg ökutæki. Þá sér Bílastæðasjóður um alla umsýslu vegna álagninga stöðvunarbrotagjalda lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, bæði í Reykjavík sem og í öðrum sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. innheimtu og endurupptökumál skv. samningi þar um. Deildarstjóri vinnur náið með umhverfis- og skipulagsráði / samgöngustjóra/ sviðstjóra / borgarráði og fylgir eftir ákvörðunum er varða Bílastæðasjóð.

Í umferðarlögum (nr. 77/2019) er fjallað um stöðukort og stöðureiti í 86 gr. og starfsemi Bílastæðasjóðs tekur mið af þeirri grein og öðrum greinum umferðarlaga sem við á. Gjöld fyrir notkun stöðureita og stöðvunarbrotagjöld skulu skv. 109. gr. umferðarlaga renna til samgöngumála í borginni. Í samþykkt um Bílastæðasjóð frá 1988 er fjallað nánar um starfssemi Bílastæðasjóðs¹.

Starfsfólk og vinnuaðstaða

Starfsfólk Bílastæðasjóðs eru 28 talsins og vinna flest þeirra á vettvangi borgarlandsins en hluti þeirra vinnur frá skrifstofum í Borgartúni 12-14. Meirihluti starfsmanna (um 65%) eru karlar og þeir eru í meirihluta í starfi stöðuvarða og tæknimanna en konur eru í meirihluta á skrifstofu.

Umfjöllun um verkefni

Bílastæði hreyfihamlaðra

Umsjón bílastæða fyrir hreyfihamlaða er hjá deild samgangna, en Bílastæðasjóður tilheyrir sömu skrifstofu. Fjölgun stæða fyrir hreyfihamlaða á sér stað jafnt og þétt en ákvarðanir um staðsetningu þeirra byggja á ábendingum frá rekstraraðilum, ábendingum sem berast í gegnum ábendingavef Reykjavíkurborgar, og mati borgarinnar. Yfirlitsgreining á staðsetningu og fjölda slíkra stæða í borgarlandinu, sem og ástandsrýning, er verkefni sem hefur verið unnið undanfarin misseri og er langt komin. Þannig er búið að birta í borgarvefsjá staðsetningu stæða sem búið er að kortleggja. Enn á eftir að kortleggja ákveðna borgarhluta og færa upplýsingar úr þeirri greiningu inn í borgarvefsjá þegar þær liggja fyrir. Æskilegt er að upplýsingarnar úr greiningunni muni leiða til þess að upplýsingar um stæðin verði aðgengilegar bæði í borgarvefsjá og Google maps.

Þá er einnig vert að benda á að verkefni Bílastæðasjóðs, eftirlit með lagningu ökutækja, er til þess fallið að auka aðgengi fólks sem á erfitt með gang, þarf að styðjast við hjálpartæki eða er með barnavagn, þar sem að ólöglegir bílar geta verið mikil hindrun á aðgengi þeirra hópa.

Öryggi í bílastæðahúsum

Nokkuð er um að ábendingar berist um óviðkomandi aðila í bílastæðahúsum. Samvinna er við VOR teymi velferðarsviðs ef um heimilislausa einstaklinga er að ræða. Til stendur að fjölga myndavélum á

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/Sam_ykkt_um_B_last_asj_Reykjav_kur.pdf

svæðinu til að auka öryggistilfinningu starfsfólks og viðskiptavina. Flestar ábendingar berast í gegnum ábendingarvef Reykjavíkurborgar en ekki er haldin sérstök skráning á þeim ábendingum sem berast í gegnum öryggishnappa/aðstoðarhnappa í bílastæðahúsum. Ekki er haldið utan um bakgrunnsbreytur þeirra sem senda inn ábendingar í gegnum vefinn. Umgengni í bílastæðahúsum er misjöfn og ábendingar í takt við það.

Ofbeldi í bílastæðahúsum er fátítt skv. stjórnendum deildarinnar, byggt á samskiptum þeirra við löggæsluyfirvöld sem óska gjarnan eftir myndbandsupplýsingum úr húsunum í þeim tilfellum. Það útilokar ekki að ofbeldi eigi sér stað en sé ekki tilkynnt eða að notendur upplifi ógn og óöryggi. Til að meta það þyrfti að fara fram könnun á viðhorfi notenda og mögulegra notenda til bílastæðahúsa, aðgengileika þeirra og öryggi. Það væri einnig gagnlegt að gera slíka könnun til að skilgreina hvaða umbætur sé hægt að gera á húsunum til að bæta nýtingu þeirra, og brýnt er að slík könnun væri kyngreind.

Það er stefna deildarinnar að leggja meiri áherslu á nýtingu bílastæðahúsa og kynna þau betur fyrir almenningi. Starfshópur KFS á USK bendir á að í ímyndavinnu vegna slíks sé mikilvægt að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið í huga til að stuðla að því að sem flest fólk upplifi að þau geti nýtt sér húsin. Ekki liggur fyrir þekking um viðhorf kynja til bílastæðahúsa en þekkt er að konur hafa meiri vara á sér í lokuðum almannarýmum eins og bílastæðahúsum. Konur upplifa sig minna öruggar en karlar í miðborg Reykjavíkur eftir myrkur og um helgar² og því brýnt að leita leiða til að bæta upplifun þeirra á öryggi. Atriði sem stuðla að auknu öryggi í bílastæðahúsum og bílakjöllurum eru m.a. að hafa umsjónarmanneskju á svæðinu, lýsing sé fullnægjandi, neyðarsímar og neyðarhnappar séu vel sýnilegir, aðgangur sé takmarkaður þannig að ekki komist aðrir inn en notendur húsanna, myndavélar sem vaktaðar eru í rauntíma eða myndavélakerfi með hugbúnaði sem lætur vita af óvenjulegri hegðun, og rétt staðsettir speglar svo að notendur upplifi að þeir sjái vel í kringum sig³.

Öryggi starfsfólks

Samkvæmt viðhorfskönnun starfsfólks Bílastæðasjóðs 2022 höfðu 81,3% upplifað áreitni af hálfu þjónustuþega. 92,3% þess hóps sagði áreitnina hafa verið í orðum, en 23,1% sögðu einnig að hún hefði verið líkamleg, 15,4% sagði hana hafa verið kynbundna og 30,8% lýstu henni sem annars konar áreitni. 28,6% sögðust upplifa einelti frá þjónustuþegum, sem lýsti sér oftast í illu umtali, stríðni og aðkasti eða niðurlægingu eða með öðrum hætti.

Það er tilfinning stjórnenda að starfsfólk finni fyrir óöryggi í starfi, sem endurspeglast í upplifuninni sem lýst er með svörun viðhorfskönnunar. Þá aukist óöryggið enn fremur á kvöldin og um helgar. Aukin áhersla á rafrænt eftirlit er leið sem stjórnendur horfa til sem viðbragð við þessu óöryggi. Sýnileiki starfsfólks er þannig enn til staðar, en hann er fyrirbyggjandi þegar kemur að stöðubrotum, en aðkoma stöðugarðar að tilteknu ökutæki minnkar. Atvikaskráning um öryggismál er til staðar á vinnustaðnum en þrátt fyrir að konur eru 35,7% starfsmanna þá eiga þær aðeins 4,62% atvikaskráninga. Stjórnendur telja það þó ekki vera vegna þess að þær lenda í færri atvikum heldur vegna þess að þær eru ragari við skráningu. Tíu alvarleg atvik voru skráð frá og með mars 2022 til lok nóvember 2022 og voru þau öll skráð af karlkyns starfsmönnum. Stefnt er að því að gera samanburð

² [Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu \(logreglan.is\)](https://logreglan.is)

³ Skv. úttekt verðlaunablaðamannsins Raquel Rutledge, hér: [Parking garage safety ignored for decades by hospitals, workers say \(jsonline.com\)](https://www.jsonline.com)

á atvikum (tíðni og eðli) fyrir og eftir rafræna vöktun til að sjá hvort að vonir hafi ræst um að starfsfólk upplifi minna áreiti og óöryggi. Í samtölum við stjórnendur kemur fram að til standi einnig að leggja meiri áherslu á eftirfylgni í kjölfar atvikaskráningu.

Aðgerðir

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Lagt er til að gerð verði þjónustukönnun sem m.a. kanni öryggistilfinningu notenda í bílahúsum (og mögulegra notenda í bílahúsum), og að hún sé greind eftir kyni og öðrum breytum. Einnig væri mögulegt að spyrja út í hvaða aðgerðir myndu auka öryggistilfinningu notenda.
- Komið verði á skráningu á ábendingum sem berast í gegnum ábendingavefinn eða öryggishnapp/aðstoðarhnappa sem tengjast öryggi notenda.
- Stjórnendur geri samanburð á öryggistilfinningu starfsfólks í kjölfar aukinnar rafrænnar vöktunar - þau gögn séu kyngreind.
- Við hvers konar greiningar, úttektir og kannanir á þjónustu Bílastæðasjóðs sé það haft hugfast að niðurstöður séu greindar eftir kyni og öðrum breytum eins og við á (t.d. aldri, uppruna o.fl.).

Eftirlit og mat

Skýrsla þessi skal kynnt fyrir sviðstjóra USK og umhverfis- og skipulagsráði, einnig verkefnastýru KFS sem miðlar upplýsingum til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. 12 mánuðum eftir skil þessarar skýrslu fylgi starfshópurinn því eftir með fyrirspurn til ábyrgðaraðila hvernig tekist hafi til með aðgerðir þær sem lagðar hafi verið til. Niðurstöður þeirrar könnunar skulu kynntar sviðstjóra.